

Fundargerð

68. fundur svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins var haldinn föstudaginn 19. ágúst 2016, kl. 13:30, skrifstofu SSH, Hamraborg 9, Kópavogi.

Mættir:

Reykjavík:

Hjálmar Sveinsson og Halldór Halldórsson

Kópavogsbær:

Hafnarfjarðarbær:

Borghildur Sturludóttir og Ófeigur Friðriksson

Garðabær:

Sigurður Guðmundsson og Steinn Einarsson

Mosfellsbær:

Bryndís Haraldsdóttir og Ólafur Ingi Óskarsson

Seltjarnarnesbær:

Kjósarhreppur:

G. Oddur Víðisson

Ása Richardsdóttir og Stefán Bergmann boðaði forföll, Einnig sátu fundinn Ólafur Melsted, skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar og Hrafnkell Á. Proppé, svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins, sem ritaði fundargerð.

Formaður, Hjálmar Sveinsson, setti fundinn og stýrði.

1. Umsögn Fagráðs vegna fyrirspurnar Mosfellsbæjar varðandi lóð fyrir gagnaver í Sólheimalandi / málsnr. 1606002

Tillaga hefur komið fram að reisa gagnaver í landi Mosfellsbæjar í áföngum. Umrætt land er hluti af Sólheimalandi við Hólmsheiði. Staðsetningin þykir góð þar sem landið er í nálægð við háspennulínur og tengivirki við Geitháls.

Í fyrirspurn Mosfellsbæjar kemur fram að umrætt landsvæði sé utan vaxtamarka eins og þau eru skilgreind í svæðisskipulagi og innan Græna trefilsins. Enn fremur kemur fram að svæðið er á skilgreindu öryggissvæði vatnsverndar.

Mosfellsbær hyggst gera breytingar á sínu aðalskipulagi þannig að landnotkun á umræddu svæði breytist úr óbyggðu svæði í athafnasvæði.

Í umsögn fagráðs kemur fram að áform um breytingar á aðalskipulagi Mosfellsbæjar þannig að hægt sé að reisa gagnaver í Sólheimalandi við Hólmsheiði kalli á breytingu á vaxtarmörkum svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins.

Umræður:

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd er sammála fagráði um að Mosfellsbær geti ekki breytt aðalskipulaginu þannig að svæði undir gagnaver verði við Hólmsheiði nema að gerð sé samhlíða breyting á vaxtarmörkum svæðisskipulagsins.

2. Tillaga að breytingu á að aðalskipulagi Reykjavíkur 2010 – 2030; Nauthólsvegur-Flugvallavegur / málsnr. 1607001.

Greinargerð þar sem kynnt er drög að breytingu skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Í greinargerð kemur fram að vegna mistaka hafi miðsvæðisreitur við Nauthólsveg fallið út af þéttbýlisuppdrætti. Breytingin felst í að bæta reitnum á uppdráttinn og heima fjölgun íbúða á svæðinu úr 300 í 400.

Að mati svæðisskipulagsstjóra er um að ræða litlar breytingar með lítið sem ekkert svæðisbundið mikilvægi. Breytingarnar fela ekki í sér ósamræmi við stefnu svæðisskipulagsins.

Umræður:

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við tillöguna á þessu stigi.

3. Auglýst tillaga að breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2012 – 2024, Smárinn vestan Reykjanesbrautar / málsnr. 1605001.

Greinargerð með auglýstri tillögu skv. 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga. Fjölga á íbúðum á svæðinu þannig að heimilt verði að byggja 620 íbúðir í stað 500. Ekki er þó um aukningu á heildarfjölda byggðra fermetra.

Að mati svæðisskipulagsstjóra er um litlar breytingar með lítið sem ekkert svæðisbundið mikilvægi að ræða. Breytingarnar fela ekki í sér ósamræmi við stefnu svæðisskipulagsins.

Í eftirfylgd með aðalskipulagsbreytingunni þarf Kópavogsbær að hafa í huga að Smáralindin er í svæðisskipulagi skilgreind sem svæðiskjarni. Horfa þarf til viðmiða í töflu 2 – viðmið um einkenni miðkjarna, þegar kemur að nánari skipulagsútfærslu, hönnun og framkvæmdum. Innan svæðiskjarnans verður að gera ráð fyrir annasamri stoppistöð Borgarlínu og góðum göngu- og hjólatengingum til og frá henni.

Umræður

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við auglýsta tillögu. Nefndin felur svæðisskipulagsstjóra að koma ábendingum um eftirfylgni á framfæri við Kópavogsbæ.

4. Skýrsla JWA, Public Transprot Choices Report, March 2016 / málsnr. 1510007

Hrafnkell fór yfir helstu niðurstöður skýrslu Jarrett Walker and Associates. Í skýrslunni eru dregnar fram þær megin áskoranir sem höfuðborgarsvæðið stendur frammi fyrir á þeirri vegferð að þrefalda hlutfall almenningssamgangna í öllum ferðum innan svæðisins.

Umræður

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd þakkar mikilvæga vinnu sem greinir núverandi leiðarkerfi með kostum þess og göllum. Mikilvægt er að fylgja skýrslunni eftir með góðri upplýsingagjöf.

5. Staða Borgarlínu verkefnisins / málsnr. 1510007

Hrafnkell greindi frá ákvörðunum stjórnar SSH varðandi fjármögnun verkefnisins, ráðningu verkefnisstjóra og kynnisferð. Gert hefur verið samkomulag við dönsku verkfræðistofuna COWI að koma að lokaáfangi að tillögugerð um legu Borgarlínunnar og aðlögun leiðakerfisstrætó. COWI mun stýra vinnustofa í haust og vinna ásamt innlendum aðilum og í samráði við sveitarfélög og svæðisskipulagsnefnd um tillögu að legu Borgarlínu sem fest verður í aðalskipulagi sveitarfélaganna sbr. 2.2.6.

Umræður

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:15.